

# Æfingabúðir

## Upplýsingar til foreldra nemenda í B sveit.

B sveit Skólahljómsveitar Kópavogs fer einu sinni á hverri önn í æfingabúðir. Oftast höfum við farið eitthvað út úr bænum og síðustu ár hafa æfingabúðirnar verið í **Hlíðardalsskóla**, sem er skammt frá Þorlákshöfn.

Venjulega er lagt af stað um kl. 17 á föstudegi og heimkoma hefur verið um kl. 15 á sunnudegi. Við gistum því í tvær nætur og þurfa allir að taka með sér **svefnpoka eða sæng, kodd og lak**. Það eru rúm með dýnum í skólanum svo það þarf almennt ekki að taka með sér vindsæng.

**Æfingar** eru í gangi alla helgina og dagskráin er þannig séð þétt skipuð. Æfingunum er þó skipt niður í samæfingar og raddæfingar (þar sem einungis hlut krakkanna er að æfa) og þannig fá allir krakkarnir góðar pásur á milli æfinga.

Við höfum komið með **spil** sem hægt er að nota milli æfinga og þau mega líka gjarnan koma með spil með sér.

Notkun **farsíma** er ekki leyfð í æfingabúðaferðum B sveitar. Við biðjum krakkana um að skilja símana sína eftir heima. Ef nauðsyn krefur er hægt að hringja í og úr síma stjórnanda og/eða fararstjóra.

Á laugardagskvöldinu höfum við oftast verið með **kvöldvöku** og hvetjum við krakkana til að sjá um hana að mestu leyti sjálf, með því að koma með einhver atriði að heiman. Þá eru nýir nemendur formlega boðnir velkomnir í B sveitina á kvöldvökunni.

**Sælgæti og gos** má einungis vera með á kvöldvökunni á laugardagskvöldinu, en ekki á öðrum tímum yfir helgina.

**Hnetur** eru á bannlista í ferðum okkar, ekki má vera með sælgæti, snakk, orkubita eða annað sem inniheldur hnetur. Það er vegna þess að við erum yfirleitt alltaf með einhverja í hópnum sem eru með bráðaofnæmi fyrir hnetum.

**Fararstjórar** koma úr röðum foreldra og miðum við við að hafa einn fararstjóra fyrir hverja 8-10 hljóðfæraleikara. Hlutverk fararstjóra er að hafa eftirlit með að allt gangi smurt fyrir sig og að elda einfaldar máltíðir fyrir hópinn. Einnig hafa foreldrar séð um að ganga frá húsnæðinu fyrir brottför.

Þessar æfingabúðaferðir **kosta skilding** en Foreldrafélag SK niðurgreiðir allar ferðir að einhverju leyti auk þess að bjóða öllum krökkunum að taka þátt í fjáröflun til að safna fyrir gjaldinu. Yfirleitt höfum við alltaf náð einni fjáröflun fyrir fyrstu æfingabúðaferð vetrarins.

Við leggjum mikla áherslu á að fá sem allra **besta mætingu** í æfingabúðirnar okkar því einungis þannig skila þær tilætluðum árangri. Stundum eiga yngstu börnin erfitt með að gista tvær nætur án foreldra sinna og er það ýmist leyst með því að foreldrarnir komi með sem fararstjórar eða að börnin séu sótt að kvöldi til að gista heima og koma svo aftur næsta dag.